

Píratar

Samstæðu ársreikningur 2024

Píratar

Samstæðu ársreikningur 2024

Píratar
Hverfisgötu 39
101 Reykjavík
Kt. 461212-0690

Skýrsla framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra

Píratar eru stjórnálflokkur og starfa í samræmi við lög nr. 162 / 2006 Lög um starfsemi stjórnálflokkanna. Samstæðuársreikningur Pírata fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við ofangreind lög og þar sem við á lög um ársreikninga nr. 3/2006, leiðbeiningar útgefnar af ríkisendurskoðanda og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er samstæða þingflokks og aðalskrifstofu samtakanna og Pírötum Kópavogi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Í samræmi við lög nr. 162 / 2006 er heimild til að aðildarfélög sem hafa tekjur undir ákveðnu viðmiði séu ekki hluti af samstæðu ársreiknings þessa.

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur samstæðunnar árið 2024 námu 79,9 millj. kr. en voru 82 millj. kr. árið á undan. Tap samstæðunnar á árinu nam 11,9 millj. kr. á móti hagnaði 34,6 millj. kr. árið á undan.

Eigið fé í árslok er jákvætt um 2 millj. kr. og var jákvætt 13,8 millj. kr. árið á undan. Á árinu var einn starfsmaður í fullu starfi. Laun og launatengd gjöld ársins námu 19,4 millj. kr.

Reikningshald og bókhald

Í framkvæmdastjórn sitja tveir karlar og ein kona og skipta með sér störfum, formaður, gjaldkeri og ritari. Stjórn og framkvæmdastjóri Pírata staðfesta hér með samkvæmt bestu vitneskju að ársreikningur félagsins árið 2024 er saminn í samræmi við lög um ársreikninga og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Skýrsla stjórnar sýnir yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sem og stöðu þess. Tap af rekstri flokksins á árinu 2024 nam 11,9 milljónum króna og leggja framkvæmdastjóri og stjórn til að það verði flutt óskipt til næsta árs. Að öðru leyti vísa framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri í samstæðu ársreikninginn um aðrar breytingar á eigin fé.

Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri Pírata staðfesta hér með samstæðuársreikning flokksins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík 11. maí 2026,

Oktavia Hrund Guðrúnar Jóns,
Stjórnarformaður

Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir
Meðstjórnandi

Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir
Meðstjórnandi

Lúðvík Ólafsson
Meðstjórnandi

Valgerður Kristín Einarsdóttir
Meðstjórnandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Pírata.

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Pírata fyrir árið 2024. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmalasamtaka sem og lög um ársreikninga nr. 3/2006.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháðir Pírötum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Pírata. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar sé eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 11. maí 2026

Kalman Stefánsson
löggiltur endurskoðandi



Gæðaendurskoðun slf
Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Tekjur			
Framlög úr ríkissjóði.....	3.	63.697.006	63.697.006
Sérstakt framlag frá Alþingi.....	3.	11.240.906	13.878.727
Framlög frá sveitarfélögum.....	3.	3.519.970	3.469.838
Félagsgjöld.....	3.	1.470.813	1.235.834
		79.928.695	82.281.405
 Rekstrarkostnaður			
Aðalskrifstofa.....	4.	53.034.805	40.479.179
Aðildarfélag.....	4.	1.371.765	1.157.886
Alþingiskosningar.....	4.	36.706.889	0
Rekstur fasteigna.....	4.	2.285.202	6.543.473
		93.398.661	48.180.538
Afgangur / (halli)		-13.469.966	34.100.867
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld.....		-587.551	-621.481
Vaxtatekjur.....		2.193.888	1.159.741
		1.606.337	538.260
Afgangur / (halli)		-11.863.629	34.639.127

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur.....		2.893.598	4.994.400
Fyrirframgreiddur kostnaður.....		2.250.000	0
Handbært fé.....	6.	4.832.383	13.882.530
		<u>9.975.981</u>	<u>18.876.930</u>
Eignir samtals		<u>9.975.981</u>	<u>18.876.930</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Uppsafnaður afgangur	7.	2.012.909	13.876.538
		<u>2.012.909</u>	<u>13.876.538</u>
 Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		0	354.204
Skuldir við lánastofnanir.....		7.730.134	3.234.355
Aðrar skammtímaskuldir.....		232.938	1.411.833
		<u>7.963.072</u>	<u>5.000.392</u>
Eigið fé og skuldir		<u>9.975.981</u>	<u>18.876.930</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	2024	2023
Rekstrarhreyfingar		
Afgangur (halli) ársins.....	-11.863.629	34.639.127
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	-11.863.629	34.639.127
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	-149.198	-260.324
Skammtímakröfur, áhrif félaga ekki í uppgjöri	0	-1.945.539
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	2.962.680	-28.028.747
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	2.813.482	-30.234.610
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	-9.050.147	4.404.517
Hækkun (lækkun) á handbærs fjár	-9.050.147	4.404.517
Handbært fé 01.01.	13.882.530	11.531.528
Handbært fé 01.01.leiðr.v. félaga ekki með í uppgjöri		-2.053.515
Handbært fé í lok árs	4.832.383	13.882.530

Skýringar

Píratar

- Píratar eru stjórnáflakur og starfa í samræmi við lög nr. 162 / 2006 - Lög um starfsemi stjórnáflakur.

Reikningsskilaaðferðir

Um samstæðuársreikninginn

- Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3 / 2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og lög um starfsemi stjórnáflakur nr. 162/2006 auk leiðbeininga Ríkisendurskoðunar um reikningshald stjórnáflakur. Samstæðu ársreikningur Pírata 31.12 2024 er samstæðu ársreikningur stjórnáflakks Pírata (aðalskrifstofu og þingflokks) og aðildarfélaga. Í samræmi við lög nr. 162/2006 er heimild til að aðildarfélög sem hafa tekjur undir kr. 550.000 séu ekki hluti samstæðu ársreiknings þessa, félög með engan rekstur hafa því verið undanskilin í samstæðureikningi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

Til aðildarfélaga á árinu 2024 í samstæðuársreikningi teljast einungis eftirfarandi félög:

Heiti félags	Heimilisfang
Píratar, stjórnáflakur kt. 461212-0690	Pósthólf 8111, 128 Reykjavík
Þingflokkur Pírata kt. 580713-1730	Vonarstræti 8, 101 Reykjavík
Píratar í Kópavogi kt. 640314-1170	Hamraborg 9, 200 Kópavogi
Píratar í Reykjavík kt. 550114-0620	Pósthólf 8111, 128 Reykjavík

Til aðildarfélaga á árinu 2023 í samstæðuársreikningi teljast eftirfarandi félög:

Heiti félags	Heimilisfang
Píratar, stjórnáflakur kt. 461212-0690	Pósthólf 8111, 128 Reykjavík
Þingflokkur Pírata kt. 580713-1730	Vonarstræti 8, 101 Reykjavík
Píratar í Kópavogi kt. 640314-1170	Hamraborg 9, 200 Kópavogi
Píratar í Reykjavík kt. 550114-0620	Pósthólf 8111, 128 Reykjavík

Til aðildarfélaga sem ekki eru talin með í samstæðuársreikningi eru:

Heiti félags	Heimilisfang
Píratar í Norðausturkjördæmi kt. 440620-1910	Þingvallastræti 16, 600 Akureyri
Píratar í Reykjanesbæ kt. 440314-1120	Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær
Píratar í Suðurkjördæmi kt. 660919-0150	Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær
Píratar í Norðvesturkjördæmi kt. 440620-1910	Hlíðarvegi 25, 400 Ísafjörður
Píratar í Suðvesturkjördæmi kt. 510316-1340	Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Píratar á Suðurlandi kt. 660919-0150	Selfoss Austurbæ, 800 Selfoss
Ungir Píratar kt. 570913-0930	Hraunbæ 70, 110 Reykjavík

Skýringar

Aðrar reikningskilaaðferðir

Aðrar reikningskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

Sundurgreining tekna

3. Tekjur greinast með eftirfarandi hætti:

	<u>2024</u>	<u>2023</u>
Framlag ríkissjóðs.....	63.697.006	63.697.006
Sérstakt framlag frá Alþingi.....	11.240.906	13.878.727
Framlag frá sveitafélögunum, Kópavogsbær.....	626.372	576.240
Framlag frá sveitafélögunum, Reykjavíkurborg.....	2.893.598	2.893.598
Félagsgjöld einstaklinga - öll framlög undir mörkum.....	1.470.813	1.235.834
	<u>79.928.695</u>	<u>82.281.405</u>

Framlög frá ríkissjóði eru tekjufærð á því reikningsári sem þau eru greidd samkvæmt fjárlögum.

Píratar fengu enga styrki, fyrirgreiðslur eða veglega afslætti frá lögaðilum né einstaklingum á árunum 2024 og 2023

Sundurgreining gjalda

4. Sundurgreining gjalda ársins 2024

	Aðalskrifstofa	Rekstur fast.	Alþingiskosn.	Aðildarfél.	Samtals
Laun og launatengd gjöld.....	19.364.933	0	0	0	19.364.933
Ferðakostnaður.....	2.618.498	0	3.996.002	0	6.614.500
Aðkeypt þjónusta.....	10.382.120	0	9.932.816	0	20.314.936
Kostnaður vegna funda.....	5.745.174	0	6.069.470	939.454	12.754.098
Rekstur fasteigna.....	0	2.285.202	0	0	2.285.202
Auglýsingar.....	10.398.914	0	16.708.601	432.311	27.539.826
Skrifstofukostnaður.....	4.525.166	0	0	0	4.525.166
Samtals.....	<u>53.034.805</u>	<u>2.285.202</u>	<u>36.706.889</u>	<u>1.371.765</u>	<u>93.398.661</u>

Sundurgreining gjalda ársins 2023

	Aðalskrifstofa	Rekstur fast.	Aðildarfél.	Samtals
Laun og launatengd gjöld.....	21.252.065	0	0	21.252.065
Ferðakostnaður.....	792.093	0	747.298	1.539.391
Aðkeypt þjónusta.....	10.538.246	0	107.356	10.645.602
Kostnaður vegna funda.....	3.843.525	0	0	3.843.525
Húsnæðiskostnaður.....	0	6.543.473	0	6.543.473
Auglýsingar.....	854.393	0	238.153	1.092.546
Skrifstofukostnaður.....	3.198.857	0	65.079	3.263.936
Samtals.....	<u>40.479.179</u>	<u>6.543.473</u>	<u>1.157.886</u>	<u>48.180.538</u>

Skýringar

Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld árið 2024

	<u>Aðalskrifst.</u>
Laun.....	15.809.065
Lífeyrissjóður.....	1.812.772
Önnur launatengd gjöld.....	1.243.096
Annar starfsmannatengdur kostnaður.....	500.000
Samtals.....	<u>19.364.933</u>

Meðalfjöldi starfsmanna..... 1

Laun og launatengd gjöld árið 2023

	<u>Aðalskrifst.</u>
Laun.....	17.572.620
Lífeyrissjóður.....	1.993.521
Önnur launatengd gjöld.....	1.332.444
Annar starfsmannatengdur kostnaður.....	353.480
Samtals.....	<u>21.252.065</u>

Meðalfjöldi starfsmanna..... 1,2

Handbært fé

6. Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og óbundnum bankareikningum

Eigið fé

7. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga.

	<u>Uppsafnaður tekjuafgangur</u>
Eigið fé í upphafi árs 2023.....	-15.900.229
Rekstarafgangur ársins 2023.....	34.639.127
Fært inn/(út) eigið fé utan / inn í samstæðu 2023.....	-4.862.360
Eigið fé í árslok 2023.....	<u>13.876.538</u>
Halli 2024.....	-11.863.629
Eigið fé 31.12.2024.....	<u>2.012.909</u>